

Sp. 16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um jöfnun húsnæðiskostnaðar.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Eiður Guðnason,
Guðmundur Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason,
Karl Steinar Guðnason, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að nauðsyn beri til að jafna húsnæðiskostnað milli mismunandi hópa í þjóðfélaginu með því að létta skuldabyrði þeirra sem harðast hafa orðið úti vegna íbúðaröflunar á síðast liðnum árum. Því ályktar Alþingi að fela félagsmálaráðherra að tilnefna fimm menn í nefnd til þess að setja reglur um endurgreiðslu á hluta af kostnaði við öflun íbúðarhúsnæðis til aðila sem keyptu eða byggðu íbúð á árunum 1980–85 og urðu fyrir mikilli hækkun skulda af íbúðaröfluninni vegna ytri aðstæðna sem ekki voru á valdi þessara aðila. Við setningu reglnanna um ofangreindan endurgreiðsluhluta skal taka mið af svofelldri meginstefnu:

1. Til grundvallar skal leggja hækkun á skuldum sem sannanlega verða raktar til íbúðakaupa eða íbúðarbyggingar á þessu tímabili.
2. Hámarksviðmiðun sé 2,5 milljóna króna skuld á verðlagi í des. 1985.
3. Endurgreiðsluhluti nemi 50% af þeirri hækkun viðkomandi skulda sem átt hefur sér stað fram til 31. des. 1985 umfram hækkun almenns kaupgjalds í landinu.
4. Endurgreiðsluhlutinn renni til þess að
 - a. greiða vanskil,
 - b. lækka skammtímaskuldir viðkomandi,
 - c. lækka skuldir viðkomandi til langs tíma, og þá í þeirri forgangsröð sem hér er upp talin og svo langt sem til hrekkur.
5. Útreikningur endurgreiðsluhlutans skal gerður af Húsnæðisstofnun ríkisins í samráði við skattstofu hvers aðila og skal sótt um endurgreiðsluhlutann til Húsnæðisstofnunar.
6. Húsnæðisstofnun veiti til endurgreiðslunnar á þessu ári allt að 200 milljónum króna. Afgangur, sem verða kynni, yrði reiddur af hendi á næsta ári.
7. Húsnæðisstofnun annist útgreiðslu endurgreiðsluhlutans og samninga við lánardrottna eftir því sem við ætti.

Greinargerð.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hvernig kjaraskerðing og síhækkandi lánskjaravísitala hefur leikið þá sem aflað hafa sér húsnæðis á næstliðnum árum. Þeir, sem byggðu eða keyptu íbúðarhúsnæði fyrir 1980, nutu aðstoðar verðbólgu og niðurgreiddra lána við fjármögnun íbúða sinna. Nú er verið að stórbæta húsnæðislánakerfið skv. samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnar við síðustu kjarasamninga. Þeir, sem afla sér íbúðar skv. hinu nýja kerfi, munu því njóta allhagstæðs lánakerfis. Eftir situr þá sá þjóðfélagshópur sem aflaði íbúðarhúsnæðis á árunum 1980–85 og er sligaður af skuldastöðu sinni. Við slíkt misrétti verður ekki unað. Hér duga engar lánalengingar því að eignastaða aðilanna er orðin óbærileg. Til þess að jafna muninn er það eitt til ráða að greiða niður hluta af skuldum þessara aðila svo að eignastaða þeirra skáni. Því er þessi tillaga flutt. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að sú mismunun, sem hér um ræðir, verði jöfnuð að hluta með því að almannafé verði sérstaklega til þess varið. Hér er gert ráð fyrir því að hluti af þeirri skuldaaukningu sem viðkomandi hópur hefur orðið fyrir verði endurgreiddur. Til viðmiðunar er að 50% af skuldaaukningu viðkomandi persóna umfram almenna hækkun kaupgjalds verði endurgreidd. Sú endurgreiðsla á beinlínis að fara til þess að lækka skuldir þessara aðila eins og tilgreint er í tillögunni. Gert er ráð fyrir tilteknu þaki á endurgreiðslunni þannig að hámarksviðmiðun svari til skuldar að upphæð 2,5 millj. króna að verðlagi í des. s.l.

Flutningsmönnum er ljóst að hér er um vandasamt og flókið mál að ræða þannig að það þarfnast sérstaks undirbúnings. Þess vegna er í tillögunni gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi nefnd til þess að setja reglur um framkvæmdina skv. þeim meginlínnum sem hér eru lagðar. Jafnframt er ætlun flutningsmanna að Húsnæðisstofnun annist framkvæmdina skv. umsóknum frá þeim aðilum, sem hér um ræðir, enda yrði hluta af ráðstöfunarfé Húsnæðisstofnunar varið til þessa verkefnis.